

Fundargerðir í Flutningagrein 2013 og 2014

Fundur

9 des 2013

11:00 til 12:00

Fund sitja:

Edda Jóhannesdóttir, Jón B. Stefánsson, Vilbergur Magni Óskarsson, Helga Rakel Þorgilsdóttir og í síma Jóhannes Árnason.

Fundarefni var m.a. tímarammi sem hópurinn hefur. Edda tók að sér að ræða það á fundi með starfsgreinaráði sem hún sótti sama dag. Einnig var rætt hvaða og hvort bóklegu áfangar ættu að vera í boði á brautinni þ.a.s. stærðfræði, íslenska og enska. Erum við að setja inn upprifjunaráfanga eða áfanga til eininga.

Edda svaraði:

Sæl og takk fyrir fundinn um daginn

Ég fór yfir með starfsgreinaráðinu það sem við ræddum um á fundinum okkar og hér koma nokkrir punktar.

Samþykkt var að sækja um frest á skilum verkefnisins og ég er búin að sækja um það til ráðuneytisins og fá svar um frest til 1. apríl. Ég tel þó mikilvægt að við höldum áfram með verkefnið og reynum að skila því fyrir þann tíma ef hægt er.

Varðandi almennu greinarnar þá finnst ráðinu mikilvægt að grunþættir eins og íslenska, enska, stærðfræði og tölvur séu inn í náminu.

Varðandi námskrá Samskipa þá er hún víst eign þeirra og er ekki send út en þau vilja meina að þetta komi að mestu fram í gátlistum sem voru útbúnir fyrir raunfærnimatið en það er eitt af þeim gögnum sem ég sendi til ykkar.

Vona að þetta svari þeim spurningum sem voru lagðar fram á fundinum okkar. Endilega verðið í sambandi ef þið hafið einhverjar frekari spurningar.

Kveðja,

Edda Jóhannesdóttir

Ef fundaritari hefur e-h gleymt, vinsamlegast bætið við fundargerð.

Helga Rakel

Fundur

9. janúar 2014

10:00-10:30

Fund sitja:

Helga Raket Þorgilsdóttir, Vilbergur Magni Óskarsson og í síma Jóhannes Árnason.

Jóhannes hafði sent skjal sem er að finna í möppu á skýinu **Flutningagreinar2014** og ber nafnið **Hugleiðingar í byrjun vinnu**. Skjalið frá Jóhanni var rætt á fundinum og velt upp ýmsum hugmyndum um hvað mörg þrep námið ætti að vera. Velt var upp spurningum um hvort og hvernig bóklegu áfangar sem til eru gætu passað inn í fyrirhugað nám og hvernig námið yrði metið inn í framhalds nám.

Rætt var um að það yrði að vera til raunhæfismat þar sem nemendur gætu verið að koma inn í námið á mismunandi stigum þ.a.s. væru jafnvel búnir / búnar að vera að vinna við greinina en vildu sækja sér meira nám og eða réttindi og jafnvel einstaklingar sem kæmu inn í námið úr öðru námi sem hefði ekki þann grunn sem óskað væri eftir en aldur og skóla lífsins að baki.

Niðurstaða fundar varð að við yrðum að hefjast handa við að byrja á grunni að þrepi 1 og ætlar Vilbergur Magni að setja inn á skýið okkar Brautarlýsingu / Námskrárlýsingu sem skrifa á inn í 1. þrep af náminu. Vilbergur Magni og Jóhannes fylla inn í hana og á miðvikudaginn 15 jan. verður tekin staðan um hvort við höldum símafund fimmtudaginn 16. jan. eða hvort við höldum áfram að vinna á skýinu.

Ákveðið var að fundaritari setti upp tvær möppur á skýinu og önnur mappan heitir Flutningagreinar2013 og inniheldur þau gögn sem sett voru inn 2013, sú seinni Flutningagreinar2014 og sett verður allt sem unnið er að 2014 í hana. Einnig var ákveðið að fundaritari setti saman punkta frá fundi svo að myndi gleymast.

Ef fundaritari hefur e-h gleymt, vinsamlegast bætið við fundagerð.

Helga Raket

Fundur

23. janúar 2014

10:30-11:15

Fund sitja:

Helga Raket Þorgilsdóttir, Vilbergur Magni Óskarsson og í síma Jóhannes Árnason.

Jóhannes hafði bætt inn Hugmyndum að grunni að brautarlýsingu þrep 1 og 2 í skjalið: Syn_VMA_januar2014_Flutningagreinar, sem er að finna í 2014 möppu hér inn á skýinu

Þessar hugmyndir voru ræddar og ákveðið að skipta verkum.

Jóhannes sendi nokkar línur eftir fundinn með upplýsingum um hans verkefni fyrir næsta fund:

Ég þakka fyrir góðar viðtökur við þessu sem ég sendi inn (hugmyndir um brautarlýsingar). Við höfum rætt það mjög mikið í VMA hvernig væri hægt að koma til móts við nemendur sem eiga í erfiðleikum að standast kröfur í almennum bóklegum greinum. Þetta eru auðvitað þeir sem við ræðum stundum um sem nemendur á almennri braut. Líklega eru þetta líka þeir nemendur sem eru í meiri brottfallshættu og hugsanlega líka líklegri til að eiga í erfiðleikum með að fóta sig á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt. Ég veit að þetta eru mikla alhæfingar og líklega ekki alveg sanngjarnar. Við höfum litið svo á að fyrsta mál skólans fyrir þessa nemendur sé að reyna að efla sjálfstraust þeirra og fá þá til að meta sjálfa sig og hvert þeir stefna

Fram að næsta fundi:

Jóhannes mun tína saman gögn um þær sérgreinar sem má segja að gætu verið sameiginlegar öllum flutningagreinum og sumum öðrum starfsgreinum. Öryggisfræði, vinnulag, samskipti, líkamsbeiting og hugsanlega fleira sme kemur í ljós þegar matslistar eru skoðaðir.

Einnig mun Jóhannes kynna til sögunnar hugmyndir um útfærslu á vinnustaðanámi (hugsanlega ekki fyrst efnisþætti heldur frekar hvernig hægt er að halda utanum það, síðar kæmu svo efnisþættir).

Jóhannes skoðar líka upplýsingar um vinnuvélaréttindi, flokkun þeirra, fyrirkomulag á kennslu og þjálfun og hvaða aldurskilyrði og þjálfun þarf til.

Magni mun skoða: íslenskuáfanga og stærðfræðáfanga sem yrðu í þrepum 1 og 2 og athugar hvort lýsing áfanga uppfylla þarfagreiningu og matslisti sem við höfum í okkar gögnum.

Helga Raket: skoðar enskuáfanga, náttúru- og menningarlæsisáfanga (Lífsleikni). Athugar hvort lýsing áfanga uppfylla þarfagreiningu og matslisti sem við höfum í okkar gögnum. Helga útbýr nýtt skjal þar sem gögnum frá Jóhannesi, Magna og henni fara inn í. Skjalið heitir: *Áfangar og áfangalýsingar í þrep 1 og 2.*

Póstu kom frá Eddu í dag og ég bæti honum hér inn: *Það var fundur í starfsgreinaráðinu í gær og ég fór yfir með þeim hvernig gengur með vinnuna við námið í flutningagreininni og voru þau bara ánægð með það. Það sem þau voru líka að ræða er hvort þið vilduð hitta aðila frá flutningafyrirtækjum og ræða við þau um námið. Það gæti hjálpað til við vinnuna við námskrána. Viltu heyra í þínum mönnum og láta mig vita.*

Við skulum ræða þennan póst frá Eddu á næsta fundi.

Næsti fundur er áætlaður 30. jan kl 10:30.

Ef fundaritari hefur e-h gleymt, vinsamlegast bætið við fundagerð.

Helga Rakel

Fundur

6. febrúar 2014

10:30-11:30

Fund sitja:

Helga Rakel Þorgilsdóttir, Vilbergur Magni Óskarsson og í síma Jóhannes Árnason.

Fundur sem tilstóð að halda 30.jan. féll niður vegna veikinda.

Í dag (6. feb.) var fundur. Jóhannes hafði sett upp Excel skjal inn á drifið okkar þar sem hann er að meta matslistan frá Mími, merka hann :Vinnustaðanám Öryggisfræði Líkamsbeiting Flutningafræði1. þrep 2. þrep 3. þrep 4. þrep. Jóhannes ætlar að klára matslistann fyrir næsta fund og á næsta fundi sendur til að finna áfanga sem eiga við merkingar, sjá skjal: *matslistar_threpaskipting*.

Í skjalinu: *Almennt nám á 1 þrepi*. Helga Rakel og Magni sett inn námslýsingar af bóklegum áföngum sem við erum að sjá fyrir okkur að hægt væri að nýta.

Magni ætlar fyrir næsta fund að fá upplýsingar um Námsbraut fyrir Verslunar og skrifstofufólk og sjá hvað við getum nýtt af þeirri braut.

Helga Rakel ætlar að skoða skóla sem bjóða upp á flutningagreinanám erlendis og koma með upplýsingar á næsta fund.

Vegna anna er næsti fundur ákveðinn 20. feb. og verður það langur fundur. Við teljum að ekki sé tíma bært að kalla til aðila frá flutningafyrirtækjum fyrr eftir næsta fund okkar, þá verður ramminn orðin skýrari hjá okkur.

Ef fundaritari hefur e-h gleymt, vinsamlegast bætið við fundagerð.

Helga Rakel

Fundur

20. febrúar 2014

10:45-12:00

Fund sitja:

Helga Raket Þorgilsdóttir, Vilbergur Magni Óskarsson og í síma Jóhannes Árnason.

Rætt var um grunnfög í stærðfræði, íslensku og þau fög sem þarf að uppfylla á Þrepi 1. og vorum við sammála að þrepin og gunnurinn sem er í skjali: *Syn_VMA_januar2014_Flutningagreinar*, er grunnurinn sem við ætlum að vinna eftir og setja upp í námsbrautina Flutningagreinar. Farið var í gegnum skjalið: *matslistar_threpaskipting*, erum við sátt við vinnu Jóhannesar með skiptingu þrepa. Næsta verk er að gera grind af vinnustaðanami (Workmentor) og er Jóhannes með innsýn þar sem við ætlum að nýta. Við viljum verða okkur út um námskrár erlendis frá til að bera saman við það sem við erum að vinna að og fer Helga Raket í að tengja sig við Eddu og biðja hana að aðstoða okkur.

Næsti fundur er 27. febrúar kl 10:30.

Ef fundaritari hefur e-h gleymt, vinsamlegast bætið við fundagerð.

Helga Raket

Fundur

27. febrúar 2014

10:45-12:00

Fund sitja:

Helga Raket Þorgilsdóttir, Vilbergur Magni Óskarsson og í síma Jóhannes Árnason.

Haldið áfram með vinnu sem byrjað var að vinna eftir síðsta fund Jóhannes skoðar matslista og flokkar í þrep og áfanga. Magni skoðar og bætir í ef þurfa þykir. Jóhannes segir okkur frá vinnu VMA með Workmentor sem við teljum alveg nauðsynlegt að sé fléttað saman við námið til að öruggt sé að aðilin semtekur á móti nemanda í vinnustaðarnámið sé þjálfaður til að vinna með nemanda á vinnustað og tengdur inn í skólann. Næsti fundur ákveðinn 20. apríl kl. 10:30.

Ef fundaritari hefur e-h gleymt, vinsamlegast bætið við fundagerð.

Helga Raket

Fundur

20. apríl 2014

10:30-11:15

Fund sitja:

Helga Rakel Þorgilsdóttir, Vilbergur Magni Óskarsson og í síma Jóhannes Árnason.

Ídag var farið yfir stöðuna og ákveðið að skjalið *Syn_VMA_januar2014_Flutningagreinar* sem búið er að vinna mikið í skildi skoðað af Magna og Jóhannesi fram að næsta fundi og lagað til. Fundaritari hefur endurskírt skjalið og heitir það núna: *Nám í flutningagreinum og annað*. Við stefnum á næsta fund með þetta skjal tilbúð þann 25. apríl kl

8:45 og viljum við boða til okkar fulltrúa frá Starfsgreinaráði. Við teljum að við séum á loka sprettinum í vinnu okkar.

Næsti fundur er 25. apríl kl 08:45.

Ef fundaritari hefur e-h gleymt, vinsamlegast bætið við fundagerð.

Helga Rakel

Fundur

25. apríl 2014

08:45-09:15

Fund sitja:

Edda Jóhannesdóttir, Jón B. Stefánsson, Vilbergur Magni Óskarsson, Helga Rakel Þorgilsdóttir og í síma Jóhannes Árnason

Edda Jóhannesdóttir fundar með okkur, farið er í gegnum þau gögn sem búið er að vinna. Edda bendir á að ekki séu áfangar í flutingsgreinum fullmótaðir. Okkar svör erum að ekki séu til í okkar skólakerfum þ.a.s. Tækniskólans og VMA áfangar sem við teljum að séu nothæfir þessa áfanga þarf að skrifa þá sérstaklega fyrir þetta nám. Edda er ánægð með að það sé útgangspunktur á öllum þrepum í náminu þ.a.s. á þerpi 1,2, og 3. Upp kom umræða um hvort almennir áfangar ættu að vera betur skilgreindir í þrepum en okkar svör eru að við viljum að skólar sem kæmu til með að kenna þetta nám hafi sveigjanleika til að meta nemendur inni námið. Nemendur geta verið að koma í þetta nám með alkonar reynslu bæði frá skóla og atvinnulífinu. Ákveðið var að Helga Rakel setti upp pakka með öllum skjölum og viðaukum og sendir til Eddu. Edda ætlar að boða til okkar fulltrúa úr atvinnulífinum til að skoða þetta betur með okkur. Næstu fundir hafa verið settir niður og stefnt er á að funda næst 30. apríl kl 8:45 á sama stað og síðast með fulltrúa úr atvinnulífinu.

Í framhaldi af þeim fundi vonumst við að geta fengið Jóhannes til Reykjavíkur og vinna með honum 13. maí. Þann dag er einnig fundur hjá Starfsgreinaráði og við stefnum á að kynna okkar vinnu á fundi með þeim.

Ef fundaritari hefur e-h gleymt, vinsamlegast bætið við fundagerð.

Helga Raket

Fundur

30. apríl 2014
08:45-09:30

Fund sitja:

Edda Jóhannesdóttir, Vilbergur Magni Óskarsson, Helga Raket Þorgilsdóttir, Auður Þórhallsdóttir og Kristján Tryggvi Högnason

Auður Þórhallsdóttir starfar sem Mannauðsráðgjafi hjá Samskipum og Kristján Tryggvi Högnason forstöðumaður og yfirmaður vörudeildar Samskipa. Farið var í gegnum gögnin sem nefndin er búin að setja saman og vinna að. Ýmislegt var rætt eins og um þörfina á því að hægt væri að taka Meiraprófið í framhaldsskóla. Gestir fundar ræddu um eftirfarandi atriði:

- Gott er að námið geti einnig verið í boði sem dreifnám.
- Mikilvægi þess að nemendur fá kennslu í að skilja eðli vörunnar og ábyrgðina sem fylgir flutingi vörunnar.
- Mikilvægi þess að vara sé rétt flokkuð.
- Það að hættulegur varingur sé í betri málum í flutningi en áður var.
- Nauðsyn þess að námið innihaldi kennslu í lögum reglum og rekjanleika vörunnar.
- Nauðsyn þess að matar og flutnings séu áfangar í náminu.
- Kenna þarf um vottun vöru eins og rekjanleika vottorð og skilja uppruna vöru og hvað kröfur vara þarf til að uppfylla kröfu markaðs. Þar má nefna t.d lífræna vöru.
- Kenna þarf um GS1 staðal, vörunúmer, vörueiningar, strikamerkingar og RFID.
- Ferill vöru er alltaf að aukast og gerir viðskiptavinur og neytandi sífellt meiri kröfur um að geta rekið vöruna.
- Kenna þarf um frágang farms.
- Talað var um að IÐAN býður upp á námskeið sem heitir: Móttaka nema á vinnustað og er nauðsynlegt að slíkt þekking verði að vera á vinnustöðum þar sem nemar komi inn í starfsþjálfun.
- Nemendur verði að þekkja grunnhugtök í flutningsfræðum.
- Nauðsynlegt sé að nemendur fái kennslu í sjálfstyrkingu og læri mun á töluðu og skriflegu máli í samskiptum við viðskiptavinum.

Það helsta sem nefndi þarf að bæta við í gögnin sem búið er að vinna er að bæta við nauðsyn þess að nemendur fái kennslu til að öðlast sjálfstyrkingu. Það er niðurstaða okkar eftir þennan fund að drög okkar að uppsetningu náms eins og hún hefur verið sett upp sé í helstu atriðum rétt. Við teljum að þeir áfangar sem snúa að sérþekkingu innan námsins verði ekki skrifuð af okkur en það verði að skrifa þá áfanga sérstaklega.

Næsti fundur er 13. maí nema að ákveðið verði að við fundum 8. maí. 13. maí er einnig fundur hjá Starfsgreinaráði og við stefnum á að kynna okkar vinnu á fundi með þeim. Ef fundaritari hefur e-h gleymt, vinsamlegast bætið við fundagerð.

Helga Raket

Fundur

13. maí 2014
09:00-14:00

Fund sitja:

Jóhannes Árnason, Vilbergur Magni Óskarsson, Helga Raket Þorgilsdóttir.

Unnið að frágangi skjala og fundur með starfsgreinaráði kl 15:00 sama dag undirbúinn.
Fundaritari Helga Raket

Fundur

28. janúar 2014

13:30-16:00

Kynningar- og upplýsingafundur vegna uppsetningar námsbrautar fyrir flutningagreininna, 28.08.2014

Auður Þórhallsdóttir opnaði fundinn og kynnti aðdraganda verkefnisins.

Jóhannes Árnason úr vinnuhópnum kynnti vinnuna sem komin er. Jóhannes fjallaði um að matslistarnir frá Mími úr raunfærnimatinu fyrir starfsfólk í vöruhúsum/lager voru notaðir mikið við vinnuna. Tóku inn í það þrepaskiptingu á 1.2. og 3.þrepi. Skoðuðu líka hvort þættirnir úr matslistunum gætu fallið inn í aðra áfanga, þ.e. hvort þetta væri kennt í öðrum áföngum í skólunum. Skoðuðu síðan skýrsluna frá Attentus og notuðu starfslýsingarnar úr henni. Haukur Harðarson FA, benti á að matslistarnir frá Mími voru mjög vel útfærðir og voru mun ítarlegri heldur en skýrslan frá Attentus. Jóhannes fór síðan yfir viðauka 7 en þar eru áfangalýsingar. Þórdís frá Hýsingu vöruhúsi benti á að starfsmaður í vöruhúsum kæmi aldrei nálægt flutningi á vöru og af hverju ætti hann þá að læra um það. Jóhannes benti þá að það væri ástæða til þess að fólk sem ynni í greinunum þekkti til þeirra starfa sem væru í „flutningakeðjunni“. Alveg eins og framreiðslufólk þekkir til matreiðslustarfa. Magni benti á að í mörgu námi væri sameiginlegur grunnur og síðan velja nemendur sér leið innan greinarinnar. Þórdís spyr – fólk sem útskrifast af öðru þrepi, hvernig störf þau sjá fyrir sér að þau fari í. Jóhannes - gæti t.d. verið þeir sem starfa á vélum og tækjum, væri ekki í mikilli pappírsgerð. Væri þá svona meira endurtekin störf. Nokkur umræða fór fram um út á hvað þrepaskipting gengi, ekki allir fundarmenn sem þekkja þrepaskiptingu náms. Viðar frá Bakka vöruhótelu benti á að í fyrsta áfanganum er talað um að námsmaður þurfi að hafa lokið vinnuvélaréttindum – spurnin hvort það mætti ekki taka það inn í námið. Margir komnir á vinnuvélarannsókn án þess að vera með réttindi. Jóhannes fór síðan í viðauka 5, grunn að námsbrautalýsingum. Nánast eini munur á flutningabraut 1 og 2 er að það er bætt við almennum bóklegum greinum í flutningabraut 2. Jóhannes lauk yfirferð og Auður tók við og varpaði fram spurningunni hvernig fólkinu litist á þetta.

Þórdís – kom með athugasemd um orðið flutningafræði – gæti verið fráhrindandi fyrir stelpur. Hugsanlega væri frekar hægt að nota vörustjórnun eða vörumeðferð. Vörustjórnun er meira fyrir háskólanám. Tillaga um vörutækni.

Ábendin um uppsetningu á náminu – mögulega skrá sig einhverjir í námið út af vélakennslunni og síðan þegar nemandur fara að kynna sér þetta betur þá fái þeir meiri áhuga. Starfsnámið mjög mikilvægt.

Þróskuldur frá skóla yfir á vinnustað þar sem stendur að skóli eigi að sjá um að koma nema á vinnustað. Bæði Tækniskóli og VMA segja að skólinn sé tilbúinn að taka þetta að sér.

Auður spurði hvort það hefði verið kannað erlendis með svipað fag. Jóhannes sagði að þau hefðu kannað þetta að einhverju leiti en það væri erfitt að fá upplýsingar að utan, ekki aðgengilegt á heimasíðu skólanna.

Lífsleikni – mikilvægt að hafa einhverja „lífsleikni“ sem snýst um samskipti, ekki bara um stjórnsmál. Lífsleikniáfangar í dag eru að mestu stílaðir inn á 16 ára. Hugsanlegt að setja inn meiri sjálfstýrkingu inn í námið í flutningafræði.

Þuríður frá Mími – líst vel á þetta en er hugsuð yfir þeim sem koma í námið, velja unglingar þetta 16 ára. Lísbet benti á að það vantar markaðssetningu almennt fyrir greininna. Þuríði líst vel á að það séu útgönguleiðir úr náminu.

Tónninn á fundinum er að þetta sé á réttu leið. Spurning um að vinnuhópur fínþússi vinnuna og sendi ráðinu og ráðið fengi að senda á fundarmenn sem kæmu með athugasemdir.

Tollskýrslugerðin – vantar inn og gæti komið undir viðskiptagreinar.

Fund sátu:

Auður Þórhallsdóttir Starfsgreinaráði, Haukur Harðarson Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Ingibergur Elíasson fulltrúi KÍ í Starfsgreinaráði, Gunnar Valur Sveinsson SAF, Vigfús Sverrir Lýðsson 1912 ehf, Þórdís Arnardóttir Hýsing vöruhótel, Herdís Sigurðardóttir Eimskip, Halla Garðarsdóttir Íslandspóstur, Margrét Guðlaug Sigurðardóttir TVG Zimsen, Laufey Þóra. Ólafsdóttir Icelandair Cargo, Viðar Örn Hauksson, Bakkinn vöruhótel, Özur Lárusson Bígreinasambandið, Puríður Ósk Sigurjónsdóttir Mímir Símenntun, Inga Jóna Þórisdóttir Mímir Símenntun,

Edda Jóhannessóttir IÐAN, Helga Rakel Þorgilsdóttir Tækniskólinn, Vilbergur Magni Óskarsson Tækniskólinn, Jóhannes Árnason VMA.

Fundur

7. október 2014

11:00-12:00

Fundur í Tollhúsinu í Reykjavík.

Jóhannes Árnason hitti Gunnlaugu Hartmannsdóttur og Hörð Davíð Harðarsson starfsmenn hjá tollstjóra.

Jóhannes lýsti í örfáum orðum vinnu við verkefni um námskrá í flutningagreinum. Þar koma meðal annars fram að búið er að gera ráð fyrir fimm séráföngum í flutningagreinum / vörutækni.

Þegar rætt var um þessa áfanga komu eftirtalin aðalatriði í ljós.

Tveir áfangar verði vinnustaðanám, sá fyrri verði á fyrsta hæfniprepi og miðist við að neminn verði heimavanur í vöruhúsi eða á svipuðum vinnustað og læri fyrst og fremst verklega vinnuþætti. Sá seinni verði á öðru hæfniprepi og feli í sér margvísleg störf við afgreiðslu, notkun á skriflegum gögnum, vinnu við pappíra ásamt því að kynna verkferlum og gæða málum.

Þrjú áfangar eru hugsaðir bóklegir eða fagbóklegir.

Sá fyrsti verði inngangur að flutningafræði / vörutækni, kynning á flutningakeðjunni og helstu þáttum sem varða flutninga. Þar myndu koma inn kynning á því um hvað tollamál fjalla, afmörkun tollsvæða og einföldustu atriði varðandi það hvar vara er geymd miðað við tollafgreiðslu.

Annar áfanginn verði á öðru hæfniprepi og fjalli mun meira um pappírmál og verkferla við afgreiðslu ásamt því þa taka fyrir grunnþætti í tollafgreiðslu og meðferð tollskjala.

Í þriðja áfanganum í flutningafræði / vörutækni verði fjallað um gæðakerfi og allskyns afgreiðslu og kostnað við flutninga ásamt því að taka fyrir tollafgreiðslu þannig að nemendur læri margvísleg vinnubrögð við meðferð og útfyllingu tollpappíra.

Ákveðið var að Jóhannes myndi lagfæra vefsvæði þar sem ýmis gögn er aðfinna um verkefnið um námskrá í flutningagreinum og setja inn þau skjöl sme vinnuhopurinn hefur unnið að.

Gunnlaug og Hörður myndu fá í lið með sér fleiri og leggja til viðfangsefni sem mætti t.d. hugsa sér að starfsmaður tollstjóra myndi kenna. Það gildir sérstaklega um viðfangsefni í þriðja áfanganum. Fundarmenn voru sammála um að tollmeðferð ætti vel heima í námi um flutningastarfsemi og eðlilegt væri að slíki umfjöllun kæmi inn á mörgum stöðum í mismunandi áföngum.

Ekki var talin ástæða til að öll markmið og hæfniviðmið yrðu talin upp í umfjöllun um tollamál í þriðja áfanga í flutningafræði, ekki frekar en önnur hæfniviðmið þess áfanga. Vinnuhopurinn lagði til að slíkt yrði útfært af skólum og kennurum þegar farið verður að kenna þetta nám í skólum til stúdentsprófs.

Ekki fleira gert. Jóhannes Árnason skrifaði fundargerð.

Eins og sjá má var þetta mjög góður fundur og Gunnlaug og Hörður voru jákvæð út í að þetta nám yrði að veruleika. Það kom skýrt fram að tollafgreiðsla snýr ekki bara að gjöldum sem þarf að greiða heldur líka að því að halda eðlilegt bókhald um inn- og útflutning m.a. í því skyni að hagtölur verði marktækar.

Bestu kveðjur.

Jóhannes Árnason

Fundur

10. október 2014

09:40-11:00

Fund sitja:

Jóhannes Árnason, Vilbergur Magni Óskarsson, Helga Rakef Þorgilsdóttir.

Fundur haldinn til að verkefnaskipta lokafrágangi.

Helga Rakef klára að setja inn fundargerðir sem ekki voru komnar inn. Sé um að prenta allt út koma gögnum til Eddu.

Vilbergur les yfir í samráði við Jóhannes.

Jóhannes gengur frá lausum endum.